

Dagskrárliður 8

Tillaga að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs Einingar-Iðju, lagt fram á aðalfundi 22. apríl 2025.

Lagðar eru til breytingar á liðum 3 og 5 í grein númer 9.

Núverandi grein

9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

- 9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 10. gr.
- 9.2 Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
- 9.3 Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins iðgjöld í a.m.k. 3 mánuði á sl. 12 mánuðum.
- 9.4 Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr.
- 9.5 Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 3 mánuði skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

Tillaga að breytingum

9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

- 9.3 Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins iðgjöld í a.m.k. **6** mánuði á sl. 12 mánuðum.
- 9.5 Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu **6** mánuði skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.